

Fundargerð skólaráðs Holtaskóla

Fundur haldinn í Holtaskóla fimmtudaginn 17. október 2019 kl. 12:00

Mættir: Rúnar Ingi Hannah, fulltrúi foreldra, Kolbrún Guðjónsdóttir fulltrúi foreldra Elva Sif Guðbergsdóttir fulltrúi nemenda, Bryndís Gísladóttir fulltrúi kennara, Elínborg Herbertsdóttir fulltrúi kennara, Stefanía Ösp fulltrúi nemenda, Hrafnhildur Hilmarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Unnar Sigurðsson fulltrúi stjórnenda og Helga Hildur Snorradóttir skólastjóri.

Dagskrá:

1. Kynning fulltrúa.
2. Farið yfir starfsáætlun, almenna hluta skólanámskrár.
3. Sjálfsmatsskýrsla rædd og drög að umbótaáætlun kynnt.
4. Kynning á ytra mati Menntamálastofnunar sem fram fer 11.-15. nóvember.
5. Breytingar á skrifstofuhúsnæði skólans skoðaðar.
6. Önnur mál.

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Kynning fulltrúa. Fundarmenn kynntu sig.
2. Farið yfir starfsáætlun og almenna hluta skólanámskrár. Skólaráð hefur farið yfir starfsáætlun og almenna hluta skólanámskrá Holtaskóla. Bæði skjöl voru samþykkt án athugasemda.
3. Farið var yfir sjálfsmatsskýrslu Holtaskóla og drög að umbótaáætlun kynnt.
4. Kynning á ytra mati Menntamálastofnunar sem fram fer 11.-15. nóvember. Þættir sem verða metnir eru stjórnun og forysta, nám og kennsla, vinnubrögð við innra mat og skólabragur. Tilkynnt var hvaða fulltrúar eru í úrtaki MMS vegna matsins.
5. Breytingar á skrifstofuhúsnæði skólans voru skoðaðar.
6. Engin mál voru rædd undir liðnum önnur mál.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið um kl. 12:40, HHS